



Hjarðarbólsoddi

Fornleifarannsókn á rúst á Hjarðarbólsodda við
Kolgrafarfjörð, Snæfellsnesi

(Án skráa)



Bjarni F. Einarsson
2000


Forsíðumyndin sýnir rústina fyrir rannsókn. Horft til SV. Ljósm. BFE
(Stafræn mynd nr. 1).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

Unnið fyrir Vegagerðina

© Bjarni F. Einarsson

Desember 2000



Mynd 1. Staðsetning rústarinnar á Hjarðarbólssodda. (Úr Hans H. Hansen/Ólafur Valsson 2000).


1 Inngangur

Vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Hjarðarbólssodda í Kolgrafarfirði á Snæfellsnesi var væntanleg veglína sett í umhverfismat. Við vettvangskonnum kom í ljós rúst sem var svo nálægt væntanlegri veglínu að ef að vegaframkvæmdum kæmi myndi viðkomandi rúst vera í uppnámi (Bjarni F. Einarsson 1999. Nr. 39 í fornleifaskrá). Því var ljóst að rannsaka þyrfti rústina svo að veglína gæti legið óbreytt.

Starfsmenn rannsóknanna voru, auk undirritaðs, þau Daniel Lindblad fornleifafraeðingur og Þórunn H. Óladóttir þjóðfræðingur.

Bóndinn á Eiði, Arnór Kristjánsson, veitti ýmsar gagnlegar upplýsingar sem komu að notum. Svipaðar upplýsingar gáfu sumargestir í sumarbústað á eyðibýlinu Hjarðarbóli. Hjørleifur Stefánsson arkitekt veitti gagnlegar upplýsingar um galvaniseringu.

Tengiliður vegagerðarinnar (verkkaupa) var Steinn L. Sveinsson. Öllum þessu fólki þakka ég gott samstarf.



Mynd 2. Staðsetning rústarinnar (naustsins) á Hjarðarbólsodda og fyrirhugaðs vegastæðis. Sjá má línur á oddanum sem minna á akra. Loftmynd, Vegagerðin.

2 Staðhættir


Hjarðarbólsoddi er í vestanverðum Kolgrafarfirði, á móts við þar sem Hraunsfjörður gengur út úr firðinum til suðurs. Suðvestur af oddanum er Klakkurinn, 380 m hátt fjall. Austan megin í firðinum gengur Kolgrafaoddi út á móts við Hjarðarbólsoddann.

Hjarðarbólsoddi er eiði sem hafið hefur verið að mynda í aldir. Oddinn er mjög sléttur og grasi gróinn. Á honum má sjá lága hryggi sem minna á mannaverk, en eru gamlir sjávarbakkar (sjá mynd 2). Í heimildum um staðinn er sagt að þarna sé um akra að ræða (Sýslu- og sóknarlýsingar 1970:306).

Rústin var mjög austarlega á Hjarðarbólsoddanum, u. þ. b. einn m innan við sjávarkambinn þar sem hann er hæstur (fyrir rannsókn). Á flóði voru 6 – 8 m á milli sjávar og rústarinnar. Ca. 40 m VNV af rústinni er sjálfvirk veðurathugunarstöð.

3 Aðferð

Í fyrstu stóð til að grafa upp aðeins tvo fjórðunga rústarinnar, horn í horn, og teikna þau snið sem þannig kæmu fram. Þegar á leið uppgröftinn kom í ljós að eiginleg snið var ekki mögulegt að teikna vegna þess að engin jarðlög voru greinanleg önnur en sjávarmölin



Mynd 3. Rústin á Hjarðarbólsodda og nánasta umhverfi. Brotalína sýnir takmörk hins kannaða svæðis umhverfis rústina. Þegar rústin hafði verið grafin lá hún á ystu brún sjávarkambsins. Hellurnar inni í rústinni gætu sumar hverjar verið svokallaðar saxaskorður, en það voru steinar til að leggja undir bát á grúfu.

sjálf. Því var horfið frá upprunalegri áætlun og öll rústin grafin upp í plani, auk nánasta umhverfis.

Um fjóra metra SV af rústinni var upphafspunktur hnitakerfisins settur og hann skírður X 100 Y 100. Y 100 línán lá langsum yfir rústina miðja. Þvert á rústina miðja lá X 106 línán. Þessar línur skiptu rústinni upp í fjóra hluta (fjórðunga).

Sunnan við rústina var stór steinn (sá stærsti á svæðinu) við X 105 Y 104. Ákveðið var að hæsti punktur steinsins (Fix punktur) væri 5 m. y. s. og allar hæðir reiknaðar út frá honum. Nákvæm staðsetning þessa hæðarpunktar var X 105,2 Y 104,2.

Rústin var svo grafin með hefðbundnum hætti, en í lok rannsóknanna var notuð vélgrafa til að fara undir rústina og grafa könnunarholur víðsvegar á utanverðum Hjarðarbólsoddanum.

Yfirlitsteikning var gerð í mælikvarðanum 1:20 og sama var gert við yfirborðssnið, en þrjú voru teiknuð þvert á rústina og eitt langsum.

Gripum var safnað saman úr hverjum fjórðungi rústarinnar og sett í poka og þeim gefið eitt fundarnúmer (sjá fundaskrá). Þeir voru ekki hæðarmældir sérstaklega, né meðhöndlaðir einir og sér.

Notuð var stafræn ljósmyndavél (Olympus Camedia C-820L) og hefðbundin myndavél (litskyggjur, sjá ljósmyndaskrá).

4 Markmið

Tilvonandi vegur yfir Kolgrafarfjörð og breytingar á aðstæðum með tilkomu hans um Hjarðarbólsodda mun skemma eða eyða rústinni sem þar er. Til að vegalínan geti staðið óbreytt þurfti því að rannsaka rústina á oddanum. Markmið rannsóknarinnar var að komast að aldri rústarinnar og hlutverki. Heimildir segja frá því að þarna hafi verið útræði um langan tíma eða frá 18. öld. Því var þess freistað að finna ummerki um útræði undir hinni sýnilegu rúst eða í nágrenni hennar.

5 Rannsóknin

Rannsóknin sjálf hófst þann 10. ágúst 2000 og stóð yfir til hins 22. sama mánaðar. Byrjað var á því að ljósmynda rústina í bak og fyrir með stafrænni ljósmyndavél og hefðbundinni (litskyggjur) og koma upp eigin hnitakerfi. Að því loknu var hafist handa við að grafa SA- og NV- fjórðung og teikna upp rústina. Fljótlega kom í ljós að engin jarðlög yrðu greinanleg önnur en sjávarmölin. Þó var efsti hluti malarinnar inni í húsinu skotinn lífrænum leifum. Var því horfið frá því að einbeita sér að fjórðungunum tveimur og öll rústin könnuð í plani.

Í fornleifaskrá (Bjarni F. Einarsson 1999) er rústinni lýst á eftirfarandi hátt:

Naust.

4 x 5 m (NA – SV).

Veggir úr grjóti, ca. 1,5 – 2 m breiðir og 0,2 – 0,3 m háir. Op er til NA.


Sjórinn hefur nuddað og skemmt norður hluta rústarinnar og kastað mól yfir hana svo nú er aðeins efsti hluti hennar sýnilegur.

Garðlög sjást þó enn við innri rönd veggja og við suður gaflinn utanverðan.


Inni í rústinni er grastorfa.

Í Sýslu- og sóknarlýsingum er talið líklegt að á Hjarðarbólsoddanum séu minjar um akra. eru engar líkur til að svo sé. Þar sjást hryggir eða öldur sem liggja samsíða (nánast austur – vestur) eftir nær öllum oddanum eða eyrinni. eru þær tilkomnar af náttúrunnar hendi.

Í ljós kom að þessi lýsing stenst ekki alveg eftir að rannsókn liggur fyrir. Veggir voru ekki svo breiðir sem segir í fornleifaskrá, heldur voru þeir aðeins um 0,2 – 0,4 m breiðir og steinaröðin suðvestan við rústina ekki hluti af veggnum eins og talið var í fyrstu og upprunaleg veggjabreidd reiknuð út frá. Þetta þýðir að stærð rústarinnar var 2,6 x 4 m.



Mynd 4. Þversnið yfir rústina eftir uppgröft. Upprunalegt yfirborð rústarinnar fyrir miðju (Snið 1. X 105 Y 100) var um 5 m. Grafið var niður á 4,65 m miðað við miðjuna.



Mynd 5. Langsnið yfir rústina eftir uppgröft. Efri endi er við brún sjávarkambsins.



Mynd 6. Daniel og Þórunn við vinnu. Rústin nær fullrannsökuð. Horft til NA. Ljós. BFE (Stafræn mynd nr. 15).

Í grastorfunni sem var inni í rústinni lágu nokkrir galvaniseraðir naglar(gaurar), allir sjö tommur á lengd. Voru þeir verksmiðju-framleiddir, með rifluðum haus (ferningslaga mynstur).

Undir grastorfunni komu í ljós bord úr viði og voru sumir hinna galvaniseruðu gaura fastir í þessum bordum. Við einn gauranna var áfastur járnhringur sem gæti hafa verið úr segli eða segldúk. Allir aðrir gripir fundust í sömu hæð eða því sem næst (sjá fundaskrá). Hugsanlega voru þessir viðir að einhverju leyti leifar af hvolftrjám, en á þau var báturinn lagður á grúfu og loftaði þannig undir hann.

Nokkuð var af hellum undir grastorfunni og gætu sumar þeirra hafa verið notaðar til að setja undir bát á grúfu. Kölluðust slíkir steinar stundum Saxaskorður (sambærilegt og hvolftré).

Ekkert eiginlegt gólf var greinanlegt.

Fljótlega kom í ljós að grjóthleðsan markaði innri brún rústarinnar, en ytri brún hennar var ekki hægt að afmarka vegna þess að mannvirkið hefur verið grafið inn og niður í sjávar kambinn. Hlutverk grjóthleðsunnar hefur þá m.a. verið að halda sjávarmölinni í skefjum. Steinaröðin sem lá sunnan við rústina hefur verið hluti af öðru mannvirki svo sem vörslugarði (til að leggja á veiðarfæri, afla eða eitthvað annað) eða einhverju öðru.

Engin fiskibein fundust, en fuglabein voru í algerum meirihluta. virtist nær einvörðungu vera um væng- eða fótabein að ræða. Hugsanlega hefur fugl verið verkaður að hluta í rústinni sjálfri eða, eins og er líklegra, í bát sem geymdur hefur verið í rústinni.

Eftir að rannsókn á rústinni lauk var grafið niður úr henni með traktorsgröfu til að kanna til hlítar hvort eldri rúst kynni að leynast undir. Var grafið niður á ca. 2 m en ekkert kom í ljós annað en sjávarmöl. Var rústinni eytt algerlega.

Einnig voru 29 prufuholur grafnar með traktorsgröfunni víðs vegar um utanverðan oddann og ætíð á öldum eða kömbum. Voru holurnar með 5 – 7,5 m millibili og dýpt þeirra var um 2 m. Ekkert kom í ljós í þessum prufuholum sem benti til mannlegra athafna á staðnum.

6 Fundir

Eins og fram hefur komið var gripum safnað saman úr hverjum fjórðungi hússins fyrir sig.

Í SV – fjórðungi fundust samtals 44 gripir (Nr. 1) og var þessi fjórðungur lang ríkastur af gripum. Gripir þessir voru nagli, 10 fuglabein og tvö brot úr glerflöskum (gosflöskum). Athyglisvert var hve mikið var af vængbeinum. Flöskuglerið var ungt eða frá miðri 20. öldinni.



Mynd 7. Gripir úr SA – fjórðungi rústarinnar á Hjarðarbólsodda. Sjá má ungt flöskugler, nagla og fulgabein. Ljós. BFE. (Fundaskrá nr. 2).

Í SA – fjórðungi fundust samtals 18 gripir (Nr. 2). Voru þar tveir naglar, sex brot úr flöskum (gos- og pilsnerflöskum) og 10 fuglabein. Athyglisvert var hve mikið var af vængbeinum. Flöskuglerið var ungt eða frá miðri 20. öldinni. Á einu þeirra mátti sjá hluta vörumerkis Coca Cola (sjá mynd 6).

Í NV – fjórðungi fannst aðeins eitt vængbein (Nr. 3).

Í NA – fjórðungi fundust þrjú fuglabein (nr. 4) sem sennilega eru öll úr væng.

Auk þeirra gripa sem hér eru nefndir fundust nokkrir galvaniseraðir gaurar sem eru örugglega frá 20. öldinni. Margir þeirra sátu enn í viðarborðum (sjá teikn. nr. 3).

Gripirnir voru ekki teknir til varðveislu.

7 Rústin

Legga rústarinnar við sjóinn bendir til þess að hún hafi tengst útræði og sjósókn. Gripir benda að nokkru leyti til hins sama. Í samtali við Arnór Kristjánsson, bónda á Eiði við Kolgrafarfjörð kom fram að hann man eftir rústinni úr barnæsku sinni. Var þar geymdur bátur, sem notaður var til grásleppuveiða. Þessi frásögn var staðfest af sumargesti á eyðibýlinu Hjarðarbóli, sem fæddur var og upp alinn á bænum.

Fjarðarbotninn inn af Hjarðarbólsodda og Kolgrafarodda kallast Hópið. Þar er sagt að skipalægi hafi verið þegar í fornöld (Sýslu- og sóknarlýsingar 1970:256-57). Helgi Sigurðsson, prestur á Setbergi 1866 – 1875, segir í sóknarlýsingu sinni að ósinn hafi verið hinn forni Salteyraós. Hans er getið í Eyrbyggju (sami 1970:257).

Helgi þessi segir frá því að hrognkelsaveiðar hafi verið stundaðar á fáeinum bæjum fyrir tæpum mannsaldri og telur að leggja mætti meiri áherslu á slíkar veiðar, sérstaklega hjá einyrkjum (sami 1970:288). Veiðar þessar voru stundaðar á vorin. Í sóknarlýsingu Flateyjarprestakalls eftir Ólaf Sívertsen prest í Flatey árin 1823 – 1860 segir svo um mikilvægi hrognkelsanna: „*Eru ný hrognkelsi holl fæða á vordag við veðurbreytingu og fyrir þá er við skarpan kost og þurran hafa búid að vetrinum.*“ (Sóknarlýsingar Vestafjarða I. 1952:113).

Rústin hefur ekki borið þak og því verið af einfaldari gerð nausta þar sem skip eða bátar einstakra bænda voru naustuð, annað hvort á hvolfi eða upprétt nema hvort tveggja hafi verið. Vel getur verið að efniviðurinn (grjótið) í naustinu, sem trúlega er aðflutt, hafi verið endurnýtt um langan aldur eftir þörfum og naust hlaðið upp aftur og aftur á oddanum.

Þrátt fyrir leit í vestanverðum Kolgrafarfirði fannst þar engin rúst sem svipar til þessarar.

Í ritverkinu *Íslenskir sjávarhættir* er sagt frá því að naust hafi stundum verið grafin inn í sjávarbakkann og þar er teikning af slíku

frá Rauðseyjum á Breiðafirði. Þar voru tvö naust upp af vörinni eða Dokkunni eins og hún var kölluð. Var Dokkan hlaðin á árunum 1870 – 1898 (Lúðvík Krisjánsson 1983:75).

Í sama ritverki má sjá mynd frá Dyrhólaey sem sýnir nánast samskonar naust og naustið á Hjarðarbólsodda (sami 1983:88). Aðstæður eru all svipaðar á báðum stöðum, sandur og möl og opið fyrir haföldunni. Má því reikna með að naust á slíkum stöðum standi ekki lengi vegna ágangs sjávar og því hafi þau verið hlaðin upp eftir þörfum hverju sinni. Við Dyrhólaey sést ekki eitt einast naust í dag og trúlega eru flest naust af þessari gerð horfin, nema þau allra yngstu og þar sem sérlega vel háttar til. Naustið á Hjarðarbólsodda er því mikilvægur hlekkur í sögu naustagerðar á landinu, þrátt fyrir ungan aldur, en samfélag það sem skóp naustið var bændasamfélagið gamla, sem ekki leið undir lok fyrr en í seinni heimstyrjöldinni. Af því leiðir að naustið á Hjarðarbólsodda er fulltrúi eldri horfinna nausta, sem hér mátti víða finna á öldum áður.

8 Niðurstæða

Rústin á Hjarðarbólsodda er ung rúst, sennilega ekki mikið eldri en frá miðri 20. öld. Hún hefur tengst útræði frá staðnum og skv. heimamönnum hefur þarna verið geymdur bátur sem gerður var út á grásleppu. Því má kalla rústina naust. Líklega hafa menn einnig róið til fugla frá staðnum. Samkvæmt þessu nýtur rústin ekki friðunarákvæða þjóðminjalaga og er því ekki fornleifar. Hún er samt athyglisverð fyrir þær sakir að mannvirki á sjávarkambi standast illa ágang hafsins og hverfa því fljótt sýnum manna. Þessi rúst hefði horfið innan nokkurra ára ef hún hefði fengið að standa óáreitt.

9 Úr dagbók

12/8

Galvaniseraðir gaurar lágu í grasinu inni í rústinni. Gaurarnir voru ekki skráðir sem gripir. Undir grasinu fundust nokkur glær glerbrot (Sinalco – Pepsí – Spur?). Nokkrir gaurar voru fastir í fúnum spýtum og einn (a.m.k.) var með netahring. Yngra dót í rúst???

14/8

Rústin trúlega ekki djúpt niður í mölina og ekki verið endurnýjuð!

Rústinni var skipt í 4 hluta, SV, SA, NV og NA – hluta. Gripum var svo safnað saman í þessum hlutum (allir gripir í SV – hluta fóru í einn poka). X 106 línán skiptir rústinni í fjórðunga.

Greinilegt að steinum hefur verið hlaðið í einfalda röð og sjávarmölin verið sjálfur veggurinn að utanverðu.

Ákveðið var að grafa allt svæðið utan um rústina, ekki bara 2/4.

15/8

Arnór Kristjánsson bóndi á Eiði man eftir rústinni frá fyrstu tíð. Þar var t. d. bátur geymdur sem notaður var á grásleppu. Grásleppunet voru lögð úti fyrir oddinum [Hjarðarbólsoddanum].

Steinar sóttir annað!

Við takmarkaða leit í umhverfinu (firðinum) fannst ekki sambærileg rúst.

17/8

Rústin fullgrafin.

Nokkrar sniðteikningar gerðar (eiginleg snið ekki vitræn þar sem lög voru ekki greinanleg).

Ath. Lúðvík Kristjánsson og kanna sambærilegar rústir (Ísl. sjávarhættir).

Grafan kemur á mánudag (komst ekki í dag eða á morgun).

Ströndin að Öndverðarnesi og inn fjörðinn könnuð betur.

22/8

Í gær byrjuðum við á því að grafa holur með dráttarvél. Var grafið með 5 – 7,5 m bili til A, eða út eftir oddanum. Ekkert fannst (niður á ca. 2 m dýpi).

Í dag var grafið áfram með dráttavélinni á þeim stöðum sem gætu geymt fornleifar, þ. e. á lágum hryggjum sem hafa hugsanlega verið sjávarkambar í fyrndinni.

Grafið ofan í rústina, henni eytt.

10 Heimildir

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar vegagerðar frá Berserkseyri að Vindási í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1999.

Sami. *Jónsbúð*. Prufuholugróftur í þurrabúð við Straumsvík. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1999.

Hans H. Hansen/ Ólafur Valsson. *Kortabók 1:300 000*. Reykjavík 2000.

Hörður Ágústsson. *Íslensk byggingararfleifð I*. Ágrip af húsagerðarsögu 1750–1940. Húsafriðunarnefnd ríkisins. Reykjavík 1998.

Lúðvík Kristjánsson. *Íslenskir sjávarhættir III*. Reykjavík 1983.

Sami. *Íslenskir sjávarhættir IV*. Reykjavík 1985.

Sóknarlýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla. Reykjavík 1952.

Sýslu- og sóknarlýsingar. Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna. Reykjavík 1970.

Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Rúst nr. 39 á Hjarðarbólsodda í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.

Verkkaupandi:

Vegagerðin.

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Daniel Lindblad.

Þórunn H. Óladóttir.

Leyfi fornleifanefndar:

7. júní 2000.

Forvarsla:

Engin.

Greiningar:

Engar.

Rannsóknartími:

Frá 10. – 22. ágúst 2000.

Hnitakerfi:

Eigið.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Mælingar:

Engar.

Grafinn flötur:

Ca. 32,5 fermetrar og ca. 8,1 rúmmetrar + 29 prufuholur.

Geymsla gagna:

Frumgögn og gripir verða geymdir á Þjóðminjasafni Íslands.

Fundaskrá bls. 16

Litskyggnuskrá bls. 17 - 19

Skrá yfir stafrænar myndir bls. 20 - 25